

## AUGLÝSING

### um ákvörðun innviðaráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga.

Vegna farsóttar af völdum COVID-19 hefur innviðaráðherra tekið svofellda ákvörðun, með vísan til 1. mgr. 131. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga er öllum sveitarstjórnnum heimilt að taka ákvarðanir sem fela í sér tímabundin frávik frá ákvæðum samþykpta þeirra um stjórn sveitarfélaga, sem mæla fyrir framkvæmd fjarfunda, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórnnum er heimilt að taka þessar ákvarðanir á fundi þar sem allir fundarmenn taka þátt í fundinum með rafrænum hætti.

Heimild þessi öðlast þegar gildi og gildir til 31. mars 2022.

*Innviðaráðuneytinu, 2. febrúar 2022.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson**  
innviðaráðherra.

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*